

Kennsluáætlun

Bekkur: 1. - 3. bekkur

Námsgrein: Heimilisfræði

Kennari: Auður Hermannsdóttir

Tímafjöldi: 1 klst á viku.

Námsgögn: Ýmis verkefni og uppskriftir frá kennara.

Lykilhæfni: Námsgreinin kemur inn á eftirfarandi þætti samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla: Matur og lífshættir, matur og vinnubrögð, matur og umhverfi og matur og menning.

Grunnþættir: Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: Læsi – Sjálfbærni – Lýðræði og mannréttindi – Jafnrétti – Heilbrigði og velferð – Sköpun. Í námsgreininni er unnið með alla þessa þætti þó mismikið sé eftir árgöngum.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Matur og lífshættir	<ul style="list-style-type: none"> - Að nemendur læri að tjá sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti. - Geti valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan. - Geti farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif. 	<p>Kennsluhættir í heimilisfræði eru að mestu í formi sýnikennslu og verklegra æfinga. Nemendur læra að vinna bæði sjálfstætt og í hóp. Unnin eru bókleg verkefni samhliða verklegri kennslu auk sífelldrar umræðu um hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni.</p>	<p>Námsmat er símat þar sem ástundun nemenda er skráð eftir hverja kennslustund. Þar er farið eftir því hversu vel nemendur fylgja fyrirmælum, vinna með öðrum, sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og taki virkan þátt í kennslustundum.</p> <p>Áherslan er á að meta ferlið en ekki eingöngu afurðina.</p> <p>Leiðsagnarmat er viðhaft yfir árið þar sem nemendur fá munnlega leiðsögn um stöðu sína. Hvað sé gott og hvað sé hægt að bæta.</p>
Matur og vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none"> - Að nemendur geti útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir. - Geti farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld. - Geti sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi. 		

Matur og umhverfi	<ul style="list-style-type: none">- Að nemendur geti sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.- Geti skilið einfaldar umbúðamerkingar.		
Matur og menning	Nemendur geti tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.		